

55 herra, að útvega sem fyrst nákvæma skýrslu um jarðeignir hvers um sig af áðurnefnd-
 13. maí. um prestaköllum og um afgjöld hverrar jarðeignar eptir meðaltali 5 hin síðustu fardaga-
 ár, sem og uppástungur hlutaðeigandi prófaste um, hverjar jarðir hentast mundi vera
 að leggja út til lúkningar hinu lögboðna árgjaldi, en í því skyni geta aðeins þær jarðir
 komið til greina, sem ekki eru undirorpnar neinum áföllum og sem búast má við að
 geti byggt framvegis með sama leigumála sem nú. Þessar skýrslur og uppástungur bið
 jeg yður síðan að senda mjer ásamt með álitu yðar um þær og um málið í heild sinni.

56 Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um undirbúningsráðstafanir til að
 14. maí söfnuðir taki að sjer umsjón og fjárhald landssjóðskirkna. — Eins og yður mun vera
 kunnugt, herra amtmaður, ályktaði síðasta alþingi að skora á landsstjórnina að leita
 samninga við hlutaðeigandi söfnuði um að þeir, samkvæmt lögum 27. febrúar 1880,
 taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landssjóður á, og sje þeirri kirkju þá
 látin fylgja hæfileg kirkjuportion, og vilji hlutaðeigandi söfnuður gjöra slíkan samning,
 þá sje lagafrumvarp um það efni lagt fyrir alþingi 1887.

Þareð stjórnin er því samþykkt, að það væri mjög svo æskilegt, að slíkir samn-
 ingar gætu komið á, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að gjöra
 nauðsynlegar ráðstafanir til þess, á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum um umsjón
 og fjárhald kirkna 12. maí 1882, að leitað verði samkomulags við söfnuðina í kirkju-
 sóknum þeim í suðuramtinu og vesturamtinu (norður- og austuramtinu), þar sem kirkjan
 er eign landssjóðs, um að þeir taki að sjer umsjón og fjárhald kirknanna og sjeu söfn-
 uðirnir ekki ófánlegir til þess, þá um skilmálana fyrir afhendingu hlutaðeigandi kirkju.
 Um árangurinn af þessum samningum vona jeg síðan að fá skýrslur ásamt með álitu yðar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. B. V. b.

Barnaskólanum í Vestmannaeyjum veittar 200 kr.

Thorkillii barnaskóla í Vatnsleysustrandarhreppi veittar 200 kr.

16. gr. 14.

Hjeradslækni Dr. med. J. Jónassen veittar af ráðgjafanum 25 kr. í viðbót við áður veittan
 100 kr. styrk uppi kostnað við útgáfu á ritinu „Hjálp í vidlögum“.

Fyrrum adjunkt Benedikt Gröndal veittur styrkur allt að 200 kr. til að gefa út tvær stuttar
 og alþýðlegar smábækur um edlisfræði og efnafræði.

19. gr.

Bókara við landsbankann, Sighvati Bjarnasyni, veittur af ráðgjafanum 400 kr. styrkur til að
 kynna sjer í Danmörku bankastörf, einkum bókfærslu.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

6. maí veitti landshöfðingi presti að Goðdölum, sjera Zófóniasí Halldórssyni, Vidvíkur
 prestakall í Skagafjarðar prófastsdæmi.

7. s. m. veitti landshöfðingi presti að Kálfatjörn, sjera Stefáni Thorarensen, lausn frá
 embætti frá næstkomandi fardögum.

SÝSLAN VEITT

6. maí skipaði landshöfðingi sjálfseignarbónda Jón Jónsson á Brimilsvöllum umboðsmann
 Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs og jarðarinnar Hallbjarnareyrar.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Goðdalir í Skagafjarðar prófastsdæmi. Metið 770 kr. 77 a. Auglýst 6. maí 1886.

Kálfatjörn í Kjalarness prófastsdæmi. Metið 1253 kr. 63 a. Til uppgjafaprests greiðist af
 þessu braudi 53 kr. 63 a. árlega. Á því hvílir 2398 kr. landssjóðslán, sem endurborgast og ávaxtast
 með 150 kr. á ári, á næstu 25 árum, frá 21. júní næstkomandi að reikna.